

PERSÓNUVERNDARSTEFNA
KVIKU BANKA HF.

1. INNGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þessi persónuverndarstefna („**stefnan**“) er sett með vísan til 17. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem vísar til 13. og 14. gr. persónuverndarreglugerðar Evrópusambandsins nr. 2016/679 („**GDPR**“).

Kvika banki hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „**Kvika**“ eða „**bankinn**“) er ábyrgðaraðili sérhverra persónuupplýsinga sem bankinn safnar og vinnur um viðskiptamenn sína og ber því ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við gildandi persónuverndarlög. Ef þú hefur spurningar eða athugasemdir við stefnu þessa skal beina erindum vegna þess til persónuverndarfulltrúa Kviku, með bréfpósti eða tölvupósti.

Kvika banki hf.
Borgartún 25
105 Reykjavík
B.t. persónuverndarfulltrúa
Netfang: personuvernd@kvika.is

Með þessari stefnu eru viðskiptamenn upplýstir um vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi Kviku, tilgang hennar og grundvöll og veittar upplýsingar um réttindi sín með það fyrir augum að tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þegar vísað er til viðskiptamanns í stefnu þessari er ýmist átt við reikningseigendur, korthafa, lántaka, fjárfesta og sjóðsfélaga en einnig þriðja aðila, s.s. veðsala, ábyrgðarmenn, rétthafa, fyrirsvarsmenn lögaðila, raunverulega eigendur fjármuna og aðra einstaklinga sem bankinn vinnur persónuupplýsingar um.

2. PERSÓNUUPPLÝSINGAR SEM SAFNAÐ ER

Við umsókn um viðskipti óskar Kvika eftir upplýsingum um viðskiptamenn, ýmist frá honum sjálfum eða frá öðrum aðilum. Söfnun slíkra upplýsinga er nauðsynleg til að uppfylla skyldur sem hvíla á bankanum samkvæmt lögum, þá sérstaklega lögum sem gilda um aðgerðir gegn peningaþvætti o.fl., neytendalán, lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um verðbréfavíðskipti. Í dæmaskyni má nefna upplýsingar um:

- * Auðkenningu viðskiptamanns, t.d. nafn, kennitölu, aðsetur og lögheimili.
- * Samskiptaupplýsingar, t.d.. símanúmer og netfang.
- * Áreiðanleika viðskiptamanns, t.d. þjóðerni, tilgang viðskipta, uppruna fjármagns, afrit af persónuskilríkjum.
- * Skattalega heimilisfesti og ríkisborgararétt.
- * Fjárhagsstöðu viðskiptamanns, t.d. lánshæfis- og greiðslumats, skuldastöðuyfirlits og eignastaða.
- * Hæfi viðskiptamanns, t.d. þekkingu og reynslu af fjármálagerningum, fjárhagslega stöðu, fjárfestingarstefnu og áhættusækni viðskiptamanns.

Upptalningin er í dæmaskyni og er ekki tæmandi. Auk þessa vinnur Kvika með ýmsar persónuupplýsingar til að uppfylla samningsskyldur bankans gagnvart viðskiptamönnum, t.d. í tengslum við greiðslur, lánaþyrirgreiðslur og verðbréfavíðskipti. Frekari upplýsingar má finna í skilmálum viðkomandi samninga og í almennum viðskiptaskilmálum sem birtir eru á heimasíðu Kviku.

Rétt er að benda á að viðskiptamanni er ávallt valkvætt að veita persónuupplýsingar. Séu upplýsingar ekki veittar kann það þó að hafa áhrif á möguleika Kviku til að veita viðskiptamanni þjónustu.

3. NOTKUN PERSÓNUUPPLÝSINGA & VINNSLUGRUNDVÖLLUR

Það fer eftir eðli samningssambands viðskiptamanns og Kviku hvaða heimild liggur til grundvallar vinnslu persónuupplýsinga og í hvaða tilgangi upplýsingarnar eru unnar. Kvika notar einkum persónuupplýsingar viðskiptamanna til að:

a. Uppfylla samningsskyldur bankans

Persónuupplýsingar eru unnar til að veita banka- og fjármálaþjónustu í samræmi við samning sem gerður er við viðskiptamenn bankans. Tilgangur vinnslunnar er mismunandi eftir þeirri þjónustu sem veitt er, s.s. reiknings- og greiðsluþjónusta, lánaþyrirgreiðslur, eignastýring, ráðgjöf og varsla, séreignarsparnaður, fyrirtækjaráðgjöf o.s.frv. Frekari upplýsingar um tilgang vinnslu á grundvelli samninga bankans við viðskiptamenn má finna í viðkomandi samningum og skilmálum þeirra.

b. Gæta lögmætra hagsmuna bankans eða þriðja aðila

Í tilvikum þar sem vinnsla er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna Kviku eða þriðja aðila kann bankinn að vinna persónuupplýsingar um viðskiptamann umfram það sem þarf til að uppfylla og framfylgja samningsskyldum bankans, nema hagsmunir viðskiptamanns vegi þyngra. Kvika vinnur persónuupplýsingar á þessum grundvelli einkum í tengslum við eigna- og öryggisvörslu bankans, t.d. í tengslum við:

- * Að framfylgja kröfum bankans eða þriðja aðila;
- * áhættustýringu;
- * forvarnir gegn svikum og skipulagðri glæpastarfsemi;
- * upplýsingaöryggi í bankanum;
- * eftirlit á starfstöð bankans og aðgangsstýringar;
- * almennt viðskiptamannahald og samskipti;
- * markaðssetningu, nema viðskiptamaður hafir andmælt því; og
- * endurskoðun og hagræðingu á þjónustu.

c. Uppfylla lagaskyldu

Á fjármálaþyrirtækjum hvíla ýmsar lagalegar skyldur sem leggja skyldu á Kviku til að vinna ákveðnar persónuupplýsingar í tilteknum tilgangi. Þar má nefna eftirfarandi lög:

- * Lög nr. 161/2001 um fjármálaþyrirtæki
- * Lög nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu
- * Lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti o.fl.
- * Lög nr. 33/2013 um neytendalán

- * Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- * Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- * Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- * Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt
- * Lög nr. 145/1994 um bókhald
- * Lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda
- * Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn

Öflun upplýsinga í þeim tilgangi að auðkenna víðskiptamann, meta áreiðanleika hans, láns hæfi og hæfi til að stunda verðbréfavíðskipti, uppfylla lögbundna tilkynningarskyldu og stýra áhættu bankans byggir m.a. á ofangreindum lögum.

d. Á grundvelli samþykkis

Ef víðskiptamaður hefur veitt bankanum samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga í ákveðnum tilgangi er samþykki grundvöllur slíkrar vinnslu, t.d. í tengslum við öflun láns hæfis- og greiðslumats hjá CreditInfo hf. Víðskiptamaður á ávallt rétt á því að draga samþykki sitt tilbaka. Afturköllun samþykkis hefur þó ekki áhrif á lögmæti vinnslu persónuupplýsinga sem átti sér stað fyrir afturköllun.

4. AÐGENGI AÐ PERSÓNUUPPLÝSINGUM

Að því marki sem nauðsynlegt er til að framfylgja samningsskyldum bankans við víðskiptamenn hafa starfsmenn Kviku aðgang að persónuupplýsingum. Auk þess hafa þjónustuaðilar Kviku, sem vinna persónuupplýsingar í þágu bankans, aðgang að persónuupplýsingum. Þetta eru fyrirtæki sem veita greiðsluþjónustu, fjármálaþjónustu, hýsingar- og upplýsingatækniþjónustu, póstþjónustu, prentþjónustu, fjarskiptaþjónustu, innheimtuþjónustu, ráðgjöf, endurskoðun og sölu- og markaðsþjónustu. Kvika leitar aðeins til þjónustuaðila sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni.

Þá miðlar Kvika upplýsingum til fyrirtækja innan samstæðu bankans í tengslum við lögbodna áhættustýringu. Loks er Kviku skylt að veita opinberum aðilum aðgang að persónuupplýsingum, s.s. Seðlabankanum, skattfyrirvöldum, eftirlitsaðilum, lögregluvirkvöldum, skiptastjórum og dómstólum. Í tengslum við miðlun persónuupplýsinga út fyrir bankann er rétt að taka fram að starfsmenn Kviku eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi víðskiptamanna bankans og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum eða víðskiptamaður hefur veitt samþykki fyrir slíkri miðlun.

5. MIÐLUN UTAN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

GDPR gildir í öllum ríkjum innan Evrópska Efnahagssvæðisins („**EES-svæðisins**“) og er miðlun persónuupplýsinga innan EES-svæðisins því ótakmörkuð. GDPR takmarkar hins vegar miðlun persónuupplýsinga til landa utan EES-svæðisins, þ. á m. til Bandaríkjanna. Kvika miðlar aðeins persónuupplýsingum til landa utan EES-svæðisins ef það er nauðsynlegt í því skyni að framkvæma beiðnir víðskiptamanna, s.s. greiðslubeiðnir eða víðskiptabeiðnir, þess er krafist samkvæmt lögum. s.s. tilkynningarskylda samkvæmt skattalöggjöf (CRS og FATCA) eða víðskiptamaður hefur veitt samþykki

fyrir slíkri miðlun. Þegar miðlun á sér stað þá ber Kvika ábyrgð á því að viðeigandi verndarráðstafanir séu til staðar hjá viðtakanda svo fullnægjandi vernd persónuupplýsinga þinna sé tryggð.

6. VARÐVEISLUTÍMI

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan viðskiptasamband varir og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir Kvikú krefjast og málefnaleg ástæða þykir til. Ef upplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar til að uppfylla samningsbundnar eða lögbundnar skuldbindingar er þeim eytt. Að jafnaði eru persónuupplýsingar varðveittar í 5-7 ár frá lokum viðskiptasambands og byggir sá varðveislutími einkum á lögum um bókhald, lögum um tekjuskatt, lögum um virðisaukaskatt, lögum um peningaþvætti o.fl., lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, leiðbeinandi tilmælum FME um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila, lögum um fyrningu kröfuréttinda o.s.frv. Ef upplýsingar eru taldar hafa sögulegt gildi þá eru upplýsingarnar gerðar ópersónugreinanlegar með afmáningu persónuauðkennis.

7. RÉTTINDI VIÐSKIPTAMANNA

Viðskiptamenn hafa, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga um þá, rétt til að:

- * Óska eftir upplýsingum um hvernig Kvika vinnur persónuupplýsingarnar og fá afrit þeim upplýsingum;
- * óska eftir leiðréttingu á óáreiðanlegum persónuupplýsingum sem Kvika vinnur eða óska eftir að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar;
- * óska eftir því að persónuupplýsingum viðskiptamanns sé eytt í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar samþykki hefur verið afturkallað;
- * óska eftir að Kvika takmarki vinnslu persónuupplýsinga í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar vinnslu hefur verið andmælt;
- * óska eftir því að fá persónuupplýsingarnar á skipulegu, algengu og tölvulesanlegu sniði og fá þær sendar annarri stofnun;
- * andmæla vinnslu í þágu beinnar markaðssetningar;
- * andmæla vinnslu persónuupplýsinga sem Kvika vinnur á grundvelli lögmætra hagsmuna, s.s. vinnslu sem felur í sér gerð persónusniðs (persónugreining);
- * leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef viðskiptamaður álitur að vinnsla Kvikú á persónuupplýsingunum hans brjóti í bága við gildandi lög.

Andmæli viðskiptamaður vinnslu persónuupplýsinga mun Kvika hætta vinnslu persónuupplýsinganna nema bankinn geti sýnt fram á lagaskyldu eða lögmæta hagsmuni sem ganga framur hagsmunum viðskiptamanns.

Óskir þú eftir frekari upplýsingum um réttindi þín eða hvernig þú getur nýtt þau er þér bent á að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Kvikú (sjá samskiptaupplýsingar í lið 1).

8. SJÁLFVIRK ÁKVÖRÐUNARTAKA OG PERSÓNUGREINING

Sjálfvirk ákvörðunartaka felur í sér að ákvörðun er tekin á grundvelli sjálfvirkar gagnavinnslu, án aðkomu starfsmanna Kviku eða annarra einstaklinga, og slík ákvörðun hefur réttaráhrif gagnvart viðskiptamanni, s.s. sjálfvirk höfnun lánsúmsóknar á netinu. Eins og stendur eru engar viðskiptalegar ákvarðanir teknar á sjálfvirkan hátt en ef það breytist mun Kvika veita viðskiptamönnum bankans nánari upplýsingar.

Kvika vinnur persónuupplýsingar með það að markmiði að meta ákveðna persónulega þætti er varða viðskiptamenn (persónugreining). Bankinn notar persónusnið í eftirfarandi tilvikum:

- * Á grundvelli laga um peningabætti o.fl. er bankanum skylt að hafa reglubundið eftirlit með viðskiptum viðskiptamanna, þ.á m. með millifærslum og kortafærslum, í því skyni að kanna hvort þau samrýmist þeim upplýsingum sem veittar voru um viðskiptamann og starfsemi hans er viðskiptasambandið hófst.
- * Í tengslum við lögbundna áhættustýringu bankans eru viðskiptamenn flokkaðir eftir láns hæfi. Þessi útreikningur byggir m.a. á tekjum, gjöldum, skuldbindingum, atvinnu, starfstíma, viðskiptasögu og upplýsingum frá CreditInfo hf.

9. ÖRYGGI OG VERND PERSÓNUUPPLÝSINGA

Kvika gerir viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda persónuupplýsingar viðskiptamanna gagnvart misnotkun, röskun og tjóni, óheimilum aðgangi, breytingum eða birtingu. Þær ráðstafanir sem bankinn styðst við eru einkum:

- * innleiðum tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir sem ætlað er að tryggja viðvarandi trúnað, samfellu, tiltækileika og álagspól vinnslukerfa og þjónustu;
- * stýrum aðgengi einstaklinga að starfstöð Kviku og viðhöfum öryggisvörslu;
- * stýrum aðgengi starfsmanna og annarra að kerfum sem hafa að geyma persónuupplýsingar;
- * tryggjum að þeir sem hafa aðgang að persónuupplýsingunum viðskiptamanna, hafi gert viðeigandi verndarráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga; og
- * þegar lög áskilja, eyðir bankinn, gerviauðkennir eða dulkóðar persónuupplýsingar viðskiptamanna.

Við alla vinnu í tengslum við upplýsingaöryggi tekur Kvika mið af staðli um upplýsingaöryggi, ISO 27001, og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Kvika hefur sett sér skriflega stefnu um stjórnun upplýsingaöryggis.

10. BREYTINGAR Á PERSÓNUVERNDARSTEFNUNNI

Stefna þessi verður uppfærð reglulega til samræmis við breytta viðskiptahætti og lagaskyldu. Ef Kvika gerir verulegar breytingar á því hvernig bankinn vinnur persónuupplýsingar þínar þá mun stefnan vera uppfærð til að endurspeglar þær breytingar. Kvika hvetur viðskiptamenn til að skoða stefnu þessa reglulega til að vera upplýstir um hvernig bankinn notar og verndar persónuupplýsingar.

Samþykkt í júlí 2018.